

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Innviðaráðuneytið
Dagsetning: 30.10.2023
Málsnúmer: IRN23080012
Bréfalykill: 3.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði 17. október 2023 eftir minnisblaði frá innviðaráðuneytinu þar sem fram kæmi afstaða ráðuneytisins til þeirra umsagna sem hafa borist um 180. mál, vaktstöð siglinga (skipulag o.fl.). Í ljósi þess að innviðaráðuneytið sendi minnisblað til nefndarinnar 23. maí 2023 um sama mál þar sem umsögn var veitt um umsagnir Landhelgisgæslu Íslands, Vegagerðarinnar og Neyðarlínunnar ohf. óskaði nefndin sérstaklega eftir afstöðu ráðuneytisins til umsagnar Samgöngustofu sem sendi ekki umsögn um þetta mál á síðasta löggjafarþingi.

Í umsögn Samgöngustofu er lagt til að bætt verði við 1. mgr. 13. gr. laga um vaktstöð siglinga, að ráðherra sé heimilt að skilgreina í reglugerð sérstakar siglingaleiðir eða takmarka umferð tiltekinna tegund skipa. Er vísað til þess að Samgöngustofa hafi áður haft heimild í 3. mgr. 4. gr. laga um Samgöngustofu, stjórnáskilgæfingunum samgöngumála, nr. 119/2012, til að kveða á um skipulag umferðar- og leiðsögukerfa í lofti og á láði og legi. Heimildin hafi verið felld brott með lögum um loftferðir, nr. 80/2022, með vísan til þess að setning slíkra reglna eigi að vera á forræði ráðherra. Stofnunin telur rétt að kveðið sé á um þetta með vísan til umræðu um fiskeldi og öruggar siglingaleiðir, og þau áhrif sem mannvirki tengd sjósækinni starfsemi kunna að hafa á siglingaöryggi,

Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir að til að tryggja öryggi siglinga og varnir gegn mengun sjávar sé ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að skip skuli hafa um borð leiðsögumann við siglingar um tiltekið svæði eða við tilteknar aðstæður. Ráðherra geti jafnframt með reglugerð falið vaktstöð siglinga að fara með leiðarstjórnun skipa um tiltekin svæði eða við tilteknar aðstæður. Reglugerðarheimildin í 2. másl. 1. mgr. er m.a. grundvöllur reglugerðar nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningarskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi.

Að mati ráðuneytisins þarfnast ákvæði af þessu tagi frekari undirbúnings. Það kann að vera rétt að setja ákvæði af því tagi sem Samgöngustofa leggur til en æskilegt væri að fram færi samráð við hagsmunaaðila áður en slíkt ákvæði væri fest í lög.

Varðandi afstöðu til annarra umsagna vegna 180. máls vísar innviðaráðuneytið til minnisblaðs sem sent var umhverfis- og samgöngunefnd 23. maí 2023 varðandi 974. mál á 153. löggjafarþingi 2022 – 2023.